



# Hafnarfjörður

## Reglur um götusölu, útimarkaði og viðburðahald í landi Hafnarfjarðarbæjar

### 1. gr. gildissvið

Reglur um götusölu og útimarkaði taka til hvers konar sölustarfsemi og viðburða sem fara fram utanhúss og á almannafæri, s.s. á torgum, götum, gangstéttum og opnum svæðum.

### 2. gr. leyfisskyld starfsemi

Götusala, útimarkaðir og viðburðir eru leyfisskyldir og eru leyfi gefin til ákveðins tíma.

Hafnarfjarðarbær fer með umsjón og sér um framkvæmd leyfisveitinga, eftirlit og upplýsingagjöf vegna götusölu, útimarkaða og viðburða í bæjarlandi. Leyfisveiting byggir á mati umsókna þar sem gerð er grein fyrir sölustarfsemi og umgjörð hennar, vöruváli, sölutíma, staðsetningu og útliti söluvagns eða söluborðs.

Forsendur fyrir notkun á opinberum svæðum er að björgunar-/viðbragðsaðilar hafi ávallt greiðan aðgang og viðunandi starfsskilyrði. Leyfishafi skal ávallt skila sölusvæði hreinu og mögulegar skemmdir á svæðinu verða lagfærðar af umhverfis- og skipulagssviði á kostnað viðkomandi leyfishafa.

Aðilar sem ætla að standa fyrir útimarkaði, t.d. í tengslum við hina ýmsu viðburði, skulu senda umsókn til umhverfis- og skipulagssviðs þar sem tilgreindur er ábyrgðaraðili og fram skal koma í umsókn skilgreining á svæði sem sótt er um til afnota.

Leyfi fyrir götusölu og útimarkað er ekki hægt að framselja eða framleigja. Þó er heimilt að veita einstökum deildum bæjarins almennt leyfi vegna tiltekinna viðburða sem unnt er að framselja til einstaklinga/lögaðila t.d. vegna Jólaborps og 17. júní hátíðarhalda. Leyfi um götusölu og útimarkaði gilda ekki á þeim tímum þegar þessir viðburðir fara fram og sækja þarf um sérstakt leyfi hjá þeim sem sér um leyfisveitingu fyrir hönd þessara hátíða.

Handhafi leyfis fyrir götusölu, útimarkaði og viðburði skal greiða leyfisgjald sem kveðið er á um í Þjónustugjaldskrá skipulags- og byggingarfulltrúa eða í samning milli leyfishafa og leyfisveitanda við afhendingu leyfis.

Götusala, útimarkaðir og viðburðir mega ekki skerða öryggi og aðgengi gangandi, hjólandi og akandi umferðar, né bygja glugga rekstraraðila á svæðinu. Tryggja skal að ekki hljótist loft- eða hljóð mengun af starfseminni. Leyfishafa er óheimilt að stunda götusölu eða vera með útimarkað annars staðar en leyfið kveður á um og taka meira pláss en skilgreint er samkvæmt leyfi.

Undanþegið leyfisveitingu eru minniháttar góðgerðarsölur, s.s. tombólur barna og ungmenna. Önnur sala, sem ekki þarfnast yfirbyggingar eða aðstöðu er heldur ekki leyfisskyld samkvæmt reglum þessum. Ávallt ber þó að gæta hreinlætis og að staðsetning hindri ekki aðgengi gangandi, hjólandi og akandi auk þess sem umhverfi sölusvæðis sé ávallt haldið hreinu.

### 3. gr. umsóknarferli

Sækja skal um afnot af bæjarlandi vegna götusölu, útimarkaðs eða viðburðar með rafrænum hætti í gegnum „mínar síður“ hjá Hafnarfjarðarbæ í síðasta lagi 14 dögum áður en starfsemi skal hefjast. Umsóknin skal lögð fyrir afgreiðslufund skipulags- og byggingarfulltrúa til umsagnar. Við afhendingu umsóknar skal umsækjandi tilgreina ósk um staðsetningu, gildistíma og tímaramma, fylgja skal mynd af söluvagni/bás/borði og upplýsingar um stærð og þyngd.

## 4. gr. staðsetning og tími

Umhverfis- og skipulagssvið ákvarðar staðsetningu, stærð svæðis og tímaramma fyrir götusölu og útimarkaði. Ekki er gert ráð fyrir tengingum við veitukerfi, svo sem vatnsveitu og fráveitu. Á tilteknum svæðum sem skilgreind eru á korti er tenging við rafveitu möguleg og notkun greidd skv. gjaldskrá. Ef um er að ræða stofnanalóð er leyfisveiting háð samþykki viðkomandi stofnunar.

## 5. gr. umgengni

Leyfishafa er skylt að sjá til þess að umhverfi sölusvæðis sé ávallt haldið hreinu og aðgengilegu. Staðsetja skal ruslatunnu innan svæðis til að koma í veg fyrir óþarfa ruslamyndun. Flokka skal úrgang og skila á endurvinnslustöð. Leyfishafi skal skila sölusvæði í sama ástandi og hann tók við því. Engin ummerki skulu vera um starfsemina utan þess tíma sem skilgreindur er samkvæmt leyfi.

Verði misbrestur á þessu getur umhverfis- og skipulagssvið látið fjárlægja söluvagna, - borð eða -bása eða hreinsa og/eða lagfæra sölusvæðið á kostnað leyfishafa.

## 6. gr. útlit og merkingar

Gerð er sú krafa að útlit söluvagns/söluborðs fari vel í umhverfinu, að efnisnotkun, ásýnd og yfirbragð sé vandað og við hæfi á þeim stað sem salan á að eiga sér stað. Heimilt er að setja upp auglýsingaskilti og merkingar í samræmi við skiltareglugerð bæjarins.

Allt sem viðkemur sölustarfseminni skal staðsetja innan þess svæðis sem leyfið kveður á um og í samræmi við skilmála þess. Leyfishafi þarf að vera tilbúinn að framvísa leyfi til götusölu eða útimarkaðar ef þess bær yfirvöld óska þess.

## 7. gr. lok og afturköllun leyfis

Leyfi samkvæmt reglum þessum getur hvenær sem er verið afturkallað, að undangenginni viðvörðun, ef ákvæði reglna þessara og leyfis hafa verið brotin, leyfisgjald er ekki endurgreitt. Þegar leyfi rennur út eða er afturkallað hvílir sú kvöð á leyfishafa að fjarlægja strax alla fylgihluti og innréttingar. Ef verkið er ekki unnið innan tilgreinds tímafrests áskilur umhverfis- og skipulagssvið sér rétt til að framkvæma þá vinnu á kostnað viðkomandi leyfishafa án frekari tilkynningar.

## 8. gr. aðrar reglur og yfirvöld

Leyfishafar skulu hlíta gildandi lögum og reglum sem ná yfir starfsemina og umgjörð hennar. Í þeim tilvikum sem starfsemin krefst frekari leyfa en leyfis frá sveitarfélaginu skulu þau vera fyrirliggjandi við leyfisveitingu. Reglur þessar, sem settar eru með stöð í Lögreglusamþykkt Hafnarfjarðar, voru samþykktar í bæjarstjórn Hafnarfjarðar þann 29. mars 2023. Fyrri reglur um götusölu og útimarkaði í landi Hafnarfjarðar frá 29. ágúst 2012 falla þar með úr gildi.